



Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Efni: Reglur um þróunar- og nýsköpunarsjóð

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. febrúar 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. febrúar 2019, um tillögu að úthlutun þróunar- og nýsköpunarstyrkja vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, drögum að reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast, drögum að reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast og reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar:

Skóla- og frístundaráð samþykkir reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ og reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Við gildistöku nýrra reglna falla úr gildi reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með sex atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ný menntastefna Reykjavíkurborgar Látum draumana rætast sem samþykkt var í lok nóvember er nú að koma til framkvæmda og fyrsti áfangi innleiðingarinnar felur í sér stofnun þróunar- og nýsköpunarsjóðs sem úthlutar styrkjum til allra leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í borginni auk skólahljómsveita. Fjárveiting sjóðsins á árinu er 200 milljónir króna sem er margfalt hærra framlag en málaflokkurinn hefur haft til ráðstöfunar til þróunarverkefna á undanförunum árum. Þar má nefna sem dæmi að árið 2017 var 19 milljónum króna varið í þróunarverkefn starfsstöðva skóla- og frístundasviðs og fengu

mun færri en vildu. Hér er því um að ræða kröftuga innspýtingu í skóla- og frístundastarf borgarinnar og verður spennandi að sjá afraksturinn þegar umsóknir taka að berast inn á komandi vikum.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs


Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 8. febrúar 2019

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Eldri reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 8. febrúar 2019
SFS2019020035
153. fundur
HG/fbj

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga að úthlutun þróunar- og nýsköpunarstyrkja vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Þann 20. nóvember 2018 var Menntastefna Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ samþykkt í borgarráði. Í tengslum við innleiðingu Menntastefnu var ákveðið að auka fjármagn til þróunar- og nýsköpunarstarfs í skóla- og frístundastarfi verulega en 200 milljónir eru lagðar í sjóð vegna þessa fyrir skólaárið 2019-2020. Gert er ráð fyrir fjármagninu í fjárhagsáætlun vegna ársins 2019 og 2020.

Gert er ráð fyrir að sama upphæð verði lögð í sjóð á næstu tveimur árum þar á eftir en að þremur árum liðnum verði forsendur endurskoðaðar. Hér fyrir neðan er annarsvegar lögð fram tillaga að nýju nafni á sjóðinn og hinsvegar eru lagðar fram tillögur að forsendum úthlutunar og skiptingu fjármagns. Stefnt er á að auka vægi stærri samstarfsverkefna á næstu árum.

Með vísan til framangreinds er lagt til að reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar verði felldar út gildi og settar nýjar reglur um þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.

Tillaga 1. Nafn sjóðsins


Lagt er til að nafni þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs verði breytt þannig að sjóðurinn heiti nú: Látum draumana rætast – Þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.

Tillaga 2. Skipting fjármagns og forsendur fyrir styrkveitingu

Leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum í Reykjavík gefst á árinu 2019 tækifæri til að sækja um styrk frá skóla- og frístundaráði vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur með þróunar- og nýsköpunarstarfi skólaárið 2019-2020. Sjóðurinn heitir „Látum draumana rætast“, þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.

Úthlutun styrkja 2019-2020

- A. Í þessum fyrsta hluta verður 150 milljónum úthlutað til einstaka skóla, frístundamiðstöðva og skólahljómssveita út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem annars vegar tekur til fjölda árlegra stöðugilda og svo barnafjölda.



- B. 50 milljónum verður úthlutað til stærri samstarfsverkefna þar sem hámarksupphæð styrkveitingar verður 10 milljónir króna. Möguleiki verður á að sækja um styrk til áframhaldandi verkefnis til skólaársins 2021/2022. Í stærri samstarfsverkefnum verður gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómssveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis. (sem dæmi, leikskóli, grunnskóli og skólahljómssveit annarsvegar eða sem dæmi tvær frístundamiðstöðvar með öll sín frístundaheimili hinsvegar).

Forsendur styrkveitinga

Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggi á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósið er virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm: *félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði* og skulu þróunar- og nýsköpunarverkefni tengjast einum eða fleirum þessara þátta og/eða endurspeglar yfirskrift, leiðarljós stefnunnar eða framtíðarsýnina: *Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.*

Eftirfarandi þættir liggja til grundvallar styrk til þróunar- og nýsköpunarverkefna í skóla- og frístundastarfi borgarinnar:

- Við undirbúning og hugmyndavinnu við mótun verkefna verði stofnað til samtals helstu hagsmunaaðila á starfsstöðum til að greina áskoranir og tækifæri til umbóta út frá leiðarljósum, grundvallarþáttum og framtíðarsýn Menntastefnunnar.
- Verkefnin hafi þátttöku og virkni barna, menntun og aukna hæfni í forgrunni.
- Verkefnin byggi á samstarfi, teymisvinnu og hringferli stöðugra umbóta og þróunar með það að markmiði að byggja upp lærdómssamfélag.

- Verkefnin feli í sér mat á árangri. Byggt verði á mælikvörðum eða matstækjum sem starfsstaðir ýmist þróa sjálfir eða eru fyrirbyggjandi¹, hæfa verkefninu og tengjast grundvallarþáttum stefnunnar.
- Upplýsingum um verkefnin verði miðlað innan SFS á fjölbreyttan hátt, s.s. á vefmiðlum, ráðstefnum eða í skrifum.

Ferli úthlutunar á þróunar- og nýsköpunarstyrkjum skv. lið A hér að ofan:

1. Sótt er um styrkinn fyrir 1. apríl 2019
2. Sótt er um styrkinn á viðkomandi eyðublaði (í vinnslu).
Í umsókninni þarf að koma fram:
 - Hverjar eru þær áskoranir sem talið er mikilvægt að bregðast við og af hverju?
 - Hverjir tóku þátt í samtali við að greina áskoranir og mikilvægi verkefnis?
 - Hver eru markmið verkefnisins
 - Hver er ávinningurinn fyrir börn?
 - Hvernig endurspeglar markmið verkefnisins leiðarljós, framtíðarsýn og/eða grundvallarþætti Menntastefnunnar?
 - Hvernig verður árangur metinn?
 - Kostnaðar- og tímaáætlun.
3. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun fyrir árið 2019-2020 ásamt útskýringum á því hvernig það tengist Menntastefnunni.
4. Skila þarf greinargerð við lok verkefnis eða eigi síðar en 1. júní 2020. Leiðbeiningar um skrif greinargerðar er að finna á (í vinnslu).
5. Við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 við skil greinargerðar.

Ferli úthlutunar á styrkjum til þróunar og nýsköpunar í stærri samstarfsverkefnum skv. lið B hér að ofan:

1. Sótt er um styrkinn fyrir 1. apríl 2019
2. Sótt er um styrkinn með viðkomandi umsóknareyðublaði (í vinnslu)
3. Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið tengist rannsóknnum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar samstarfi/teymishugsun verkefnið byggi á, og hvernig nýta á hringferli stöðugra umbóta og þróunar með það að markmiði að byggja upp lærdómssamfélag.
4. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun fyrir árið 2019-2020 ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
5. Skila skal lokaskýrslu 1. júní 2020. Sé um að ræða verkefni sem sækir um áframhaldandi styrk má fresta skilum lokaskýrslu til loka verkefnisins en skila í stað þess áfangaskýrslu fyrir 1. apríl 2020. Leiðbeiningar um skýrsluskrif er að finna á <https://reykjavik.is/styrkir-skola-og-fristundarads> (í vinnslu).
6. Við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 við skil áfangaskýrslu/lokaskýrslu. Ef um áframhald verkefnisins er að ræða verði áfangaskýrslu skilað fyrir 1. apríl 2020. Mögulegt verður að sækja um áframhaldandi styrk fyrir stærri samstarfsverkefni skólaárin 2020-2021 og 2021-2022. Að þeim tíma liðinum er gert ráð fyrir að áherslur í þróunarverkefninu séu orðnar hluti af daglegum starfsháttum.

¹ Verið er að vinna að gerð handbóka fyrir starfsstaði með mælitækjum, gátlistum og verkfærakistum sem tengjast Menntastefnunni

Meðfylgjandi eru drög að reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ og drög að reglum um Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráð samþykkir reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ og reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Við gildistöku nýrra reglna falla úr gildi reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Vísað er til minnisblað sviðsstjóra, dags. 8. febrúar 2019, varðandi tillögu að úthlutun þróunar- og nýsköpunarstyrkja vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.



Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggji á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósín eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Í heild verði allt að 150 milljónum verður úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómssveita fyrir skólaárið 2019-2020 út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem annars vegar tekur til fjölda árlegra stöðugilda og svo barnafjölda á hlutaðeigandi starfsstað.
4. Fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga. Styrkjasamningur er gerður til eins árs.
5. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir 1. apríl 2019 og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Umsóknir eru yfirfarnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
7. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinagerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní 2020 samkvæmt skilmálum um skil greinagerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 við skil greinagerðar.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun fyrir árið 2019-2020 ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.



10. Skóla- og frístundasvið leggur skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum. Jafnframt skal leggja fram í skóla- og frístundaráði yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið.



Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að um samstarfsverkefni sé að ræða. Verkefnin byggi á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósín eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkuppheð.
4. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkur felur ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð. Ekki er gerður styrkjasamningur til meira en eins árs í senn.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar ár hvert er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Allir sem njóta styrkja borgarinnar skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Reglur Reykjavíkurborgar gilda um styrki skóla- og frístundaráðs.
7. Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geta sótt um styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Þeir geta haft til samstarfs í verkefninu sjálfstætt starfandi leik-, grunn- og listaskóla eða aðra. Gerð er krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis.
8. Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið tengist rannsóknum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar samstarfi/teymishugsun verkefnið byggi á, og hvernig nýta á hringferli stöðugra umbóta og þróunar með það að markmiði að byggja upp lærdómssamfélag.



9. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefndinni er heimilt að leita umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
10. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætluð verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað skýrslu um verkefnið (sjá nánar um skýrslugerð á heimasíðu skóla- og frístundasviðs). Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafni styrknum.
11. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Þ.m.t. að lokaskýrslu og yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár er ekki skilað.
12. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.
13. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar og hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkjar eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um á þar til gert eyðublað. Gera skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
14. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár. Jafnframt skal úthlutunarnefnd leggja fram árlega yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið ásamt yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár frá styrkþega auk lokaskýrslu styrkþega.

ÞRÓUNARSTYRKIR

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Verkefnin geta annars vegar verið samstarfsverkefni milli skólastiga, milli skóla, eða milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Hins vegar geta verkefnin verið sértæk verkefni fyrir grunnskólastarf, leikskólastarf og frístundastarf. Með þróunarverkefnum er átt við verkefni sem stuðla að nýbreytni, fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun sviðsins ár hvert
2. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflökki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkupphæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkur felur ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð. Ekki er gerður styrkjasamningur til fleiri ára.
4. Umsóknir skulu hafa borist fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað til aðalskrifstofu skóla- og frístundasviðs á sérstöku eyðublaði með þeim fylgiskjölum sem tilgreind eru á eyðublaðinu. Eyðublaðið er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs. Styrkir skulu afgreiddir fyrir lok janúar ár hvert.
5. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Allir sem njóta styrkja borgarinnar skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Styrkir eru veittir í eitt skipti í senn. Reglur Reykjavíkurborgar gilda um styrki skóla- og frístundaráðs
6. Einstaka starfsstaðir skóla- og frístundasviðs auk sjálfstætt starfandi leik-, grunn- og listarskóla geta sótt um styrki til þróunarverkefna. Aðrir geta sótt um styrk með samþykki stjórnenda og/eða rekstraraðila. Sækja má um styrk til nýrra verkefna eða verkefna sem þegar eru hafin.
7. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefndinni er heimilt að leita umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á.
8. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætluð verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfrjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað skýrslu um verkefnið. Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er lítið svo á að styrkþegi hafni styrknum.

9. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Þ.m.t. að lokaskýrslu og/eða yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár er ekki skilað
10. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að a) 60% af styrkuppþæð greiðist við undirritun samnings; b) 40% styrkuppþæðarinnar greiðist þegar greinargerð um ráðstöfun styrkfjár hefur verið skilað.
11. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar og hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um á þar til gert eyðublað.
12. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár. Jafnframt skal úthlutunarnefnd leggja fram árlega yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið ásamt yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár frá styrkþega auk lokaskýrslu styrkþega.